

Þjónustukönnun Uppbyggingarsjóðs Suðurlands

VOR 2022




SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Apríl 2022
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Sigríður Lind Þorbjörnsdóttir

Inngangur

- Þjónustukönnun Uppbyggingasjóðs er send á alla umsækjendur sjóðsins á hverju vori. Að þessu sinni var könnunin send á 90 umsækjendur sem sóttu um styrk í vorúthlutun 2022.
- Könnunin var send út eftir að umsóknarfrestur rennur út og lauk áður en niðurstöður um styrk voru birtar.
- Svörun var 42 af 90 eða samtals 47%
- Menninvarverkefni: 60% umsækjenda
- Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni: 40% umsækjenda

Hvaða flokki tilheyrði styrkumsókn þín?




Upphæðir, fjöldi styrkveitinga og úthlutanir

Skoðun svarenda á viðeigandi fjölda úthlutana á ári er skýr, en 98% umsækjenda kjósa tvær úthlutanir á ári og eru þessar niðurstöður sambærilegar fyrri árum.


Þegar spurt er um skoðun umsækjenda á upphæð og fjölda styrkveitinga telja:

- 71% að upphæðir og fjöldi eigi að ráðast af eðli umsókna/verkefna
- 19% að fjölbreytni eigi að ríkja í upphæðum styrkveitinga
- 5% telja að styrkir eigi að vera fáir og upphæðir háar
- 5% telja að styrkir eigi að vera margir og upphæðir lágar

Hver er þín skoðun á viðeigandi fjölda úthlutana á hverju ári?



Hvað lýsir almennt best skoðun þinni á upphæðum og fjölda styrkveitinga Uppbyggingarsjóðs Suðurlands?




Upplýsingar um úthlutun Uppbyggingarsjóðs Suðurlands

Þegar spurt var hvar umsækjendur fengu upplýsingar um úthlutun Uppbyggingarsjóðs Suðurlands kom í ljós að:

- 52% hafi fengið upplýsingar af heimsíðu SASS, en er það mikil aukning frá vori 2021 þar sem 32% fengu upplýsingar frá heimasíðunni
- 31% fengu ábendingu frá vini
- 17% fengu ábendingu frá ráðgjafa
- 21% höfðu séð auglýsingu í héraðsfréttablöðum
- 14% höfðu séð auglýsingu á Facebook, sem er nokkuð lægra en síðasta ár

Hvar fékkst þú upplýsingar um úthlutun Uppbyggingarsjóðs Suðurlands?




Umsóknarformið

Þegar spurt var um umsóknarformið er ljóst að:

- 73% voru ánægð með umsóknarformið
- 27% voru hvorki né eða frekar óánægð. Það er 7% aukning frá síðustu könnun.

Umsóknarformið mætti vera auðveldara og skýrar að mati umsækjenda, einfalda mætti einstaka þætti umsóknarformsins.

Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með umsóknarformið?



Umsóknarformið og vefur SASS


Nokkur ánægja er um leiðbeiningar við að fylla út umsókn hjá sjóðnum.

- 83% eru frekar eða mjög ánægðir með leiðbeiningar við að fylla út umsókn
- 17% eru hvorki ánægðir né óánægðir


Þegar spurt er um framsetningu upplýsinga um sjóðinn á heimasíðunni telja:

- Lang flestir eða 88% svarenda að hún sé frekar eða mjög góð
- 12% að hún sé hvorki góð né slæm

Hvernig finnst þér leiðbeiningar við að fylla út umsókn hjá sjóðnum?



Hvernig finnst þér framsetning upplýsinga um sjóðinn á heimasíðu SASS?




Ráðgjafarþjónustan

Þegar spurt var um ánægju þjónustu ráðgjafa á vegum SASS kom í ljós að:

- 74% voru frekar eða mjög ánægð, þar af 55% mjög ánægð
- 12% voru hvorki ánægð né óánægð
- 14% voru ekki í samskiptum við ráðgjafa

Mjög ánægðum umsækjendum hefur fjölgað úr 48% í 55% á milli ára.

Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þjónustu ráðgjafa á vegum SASS?




Ráðgjafarþjónustan


Umsækjendur voru spurðir að því hvaða væntingar þau hefðu til ráðgjafarþjónustu SASS ef þau hlytu styrk eða hlytu ekki styrk.

- 44% þeirra sem hljóta styrk vænta þess að vera í reglubundnum samskiptum við ráðgjafa á meðan verkefninu stendur
- 37% hafa engar væntingar til ráðgjafarþjónustu SASS hljóti verkefnið ekki styrk
- 67% svarenda hefur væntingar um ráðgjöf til frekari fjármögnunaleiða hljóti verkefnið styrk
- 49% vænta þess að fá ráðgjöf um aðra sjóði eða fjármögnunarleiðir hljóti verkefnið ekki styrk

Ef verkefni þitt hlýtur styrk úr sjóðnum, hvaða væntingar hefur þú til þjónustu og ráðgjafar á vegum SASS?



Ef verkefni þitt hlýtur EKKI styrk úr sjóðnum, hvaða væntingar hefur þú til þjónustu og ráðgjafar á vegum SASS?



Hvað finnst þér um áherslur og markmið sjóðsins? (valkvætt að svara)

Alveg ágæt, en oft er þetta klisjukennt og fólk fer að reyna að passa inn í einhverja kassa.

Fyrirtæki sem snúa að menningu og listum mættu hafa meira vægi í þeim hluta sem snýr að atvinnu og nýsköpun enda efling þeirra í samræmi við Sóknaráætlun 2020-2024.

Henta vel því verkefni sem sótt var um styrk að þessu sinni.

Góðar og sanngjarnar áherslur og markmiðin einnig.

Líst mjög vel á þau.

Mér finnst mikið öryggi í því að geta leitað í sjóði ef illa fer með mætingu á viðburð

Mér finnst sjóðurinn og það sem hann stendur fyrir algjörkega frábær og áherslurnar mjög góðar.

Finnst vera einblínt um of á nýsköpunarþátt verkefna. Verkefni sem stuðla að sjálfbærni, atvinnu- og verðmætasköpun eru mikilvæg þó að þau teljist ekki til nýsköpunarverkefna og það vantar slík verkefni séu styrkhæf (enda er brýn þörf á að stuðla að aukinni sjálfbærni og fæðuöryggi óháð nýsköpun.

Clear and very important for development of the region.

Frábært og mikilvægt framtak.

Hvað finnst þér um úthlutunarreglur sjóðsins? (valkvætt að svara)

Mér finnst þær ágætar en það ætti að greiða út allan eða að minnsta kosti 80% af styrknum strax eins og hjá öðrum mennignarstyrkjum, finnst þessar vinnuskýrslur og að senda inn reikninga verulega íþyngjandi sérstaklega þegar upphæðirnar eru oft svona lágar.

Finnst þær mjög skilvísar.

Frekar góðar.

Ég hef ekkert út á þær að setja nema kannski að það hefði hentað mér að rýmka styrkhæf atriði í umsókn, svo sem leiga eða húsbúnaður, en ég skil vel að það þurfi að vera mörk.

Mér finnst eðlilegt að verkefni sem eru ekki vænleg hljóti ekki styrk. Einnig að það séu gerðar kröfur til styrkþega.

Niðurstöður

Umsækjendur eru almennt ánægðir með sjóðinn og uppsetningu hans. Niðurstöðurnar eru líkar niðustöðum síðustu ára, en eftirfarandi atriði hafa breyst hvað mest á milli ára:

- Mun fleiri umsækjendur fengu upplýsingar um sjóðinn á heimasíðu SASS, eða 52% umsækjenda. En þeim sem fengu upplýsingar á Facebook hefur fækkað úr 26% í 14%.
- Færri eru mjög ánægðir með umsóknarformið og framsetningu upplýsinga um sjóðinn á heimasíðu SASS.
- Umsækjendur voru mjög ánægðir með ráðgjafapjónustu SASS en mjög ánægðum fjölgaði úr 48% í 55%.
- Fleiri hafa væntingar til þess að fá ráðgjöf um aðra sjóði eða fjármögnunarleiðir hljóti verkefnið ekki styrk, en þeim hefur fjölgað úr 42% í 49%.
- Þeim hefur fjölgað sem telja að upphæðir og fjöldi styrkveitinga eigi að ráðast af eðli umsókna/verkefna úr 50% í 71%. Þá hefur þeim fækkað sem telja að fjölbreytni eigi að ríkja í upphæðum styrkveitinga úr 44% í 19%.